



Fundargerð

351. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 2. maí 2013 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ASK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka til afgreiðslu 1 mál undir liðnum önnur mál og var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 350. fundur hreppsnefndar 11. apríl 2013.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd 29. apríl 2013.

Formaður fór yfir fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

3. Brunamála- og almannavarnanefnd 23. apríl 2013.

Farið yfir fundargerðina.

1. 1304003 – Brunavarnaáætlun fyrir Reykhólahrepp 2013-2017.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2. 1301005 – Brunavarnir í Flatey.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

3. 1205014 – Slökkvistöð í Kvígindisfirði.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 30. apríl 2013.

Farið yfir fundargerðina.

1. 1304043 – Umhverfisdagurinn 2013.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2. 1304010 – Hunda- og kattahald á Reykhólum.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

3. 1304049 – Plöntur á sorpsvæðið á Reykhólum.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

5. Stjórn Barmahlíðar 22. apríl 2013.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1205007 – Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps.

Síðari umræða.

Samþykkt um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps tekin til síðari umræðu og samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að senda hana innanríkisráðuneytinu til staðfestingar og birtingar í Stjórnartíðindum. Samþykkt samhljóða.

2. 1304017 – Ósk um endurskoðun á lóðarleigusamningum.

Erindi frá Steinari Pálmasyni dagsett 19. apríl 2013.

Hreppsnefnd samþykkir að endurskoða lóðaleigusamning um Hellisbraut 14 og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við aðila. Ársleiga lóðarinnar skal vera 4% af fasteignamati lóðar eins og samþykkt álagningarákvæði Reykhólahrepps fyrir árið 2013 kveður á um. Samþykkt samhljóða.

3. 1304048 – Reglur um útleigu á leiguhúsnæði í eigu Reykhólahrepps.

Hreppsnefnd vill koma á framfæri, að allar íbúðir utan þeirra sem eru félagslegar íbúðir séu fyrst og fremst ætlaðar fyrir starfsfólk stofnana sveitarfélagsins. Lagt fram matsblað til notkunar við úthlutun íbúða í eigu sveitarfélagsins. Notast skal við matsblaðið til grundvallar eftir því sem við á. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar

4. 1302006 – Málefni Ingunnarstaða, svarbréf.

Lagt fram til kynningar svarbréf vegna Ingunnarstaða. Sveitarstjóra falið að senda bréfið.

5. 1102019 – Málefni Bjargs í Flatey, samkomulag, lóðarleigusamningur og yfirlýsing.

Kynnt.

6. 1304044 – Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða dagsett 12. apríl 2013 og starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis 2012. Skýrsla lögð fram á fundi.

Lagt fram og kynnt.

7. 1304045 – Kerfisáætlun, fimm ára áætlun Landsnets.

Lagt fram.

8. 1304046 – Fundargerð 805. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

9. 1304002 – Dýpkun Reykhólafnar. Útboð / verðkönnun.

Niðurstöður úr verðkönnun vegna dýpkunar á Reykhólhöfn.

Hagtak, heildartilboð kr. 16.946.700

Björgun, heildartilboð kr. 19.519.400

Kostnaðaráætlun þessa hluta dýpkunarinnar hljóðar upp á 16,53 milljónir króna.

*Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkir tilboð Hagtaks sem upp á kr. 16.946.700.
Samþykkt samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____